



## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ  
Laugardalur Sport Center  
Engjavegur 6, 2nd floor  
104 Reykjavík, Iceland  
+354 514-4100  
kki@kki.is

### 24. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Þriðjudagur 26. apríl 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson *formaður* (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE), Birna Lárusdóttir (BL), Lárus Blöndal (LB), Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK), Erlingur Hannesson (EH) og Jón Bender (JB).

Forföll boðaði: Guðni Hafsteinsson (GH).

HSJ ritaði fundargerð

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

#### 2. Breytingar á reglugerðum um körfuknattleiksmót og félagaskipti

Tillögur mótanefndar samþykktar sem og og breytingar á reglugerð um félagaskipti sem verið hefur til umræðu innan stjórnar. Bréf verður sent út til félaganna til kynningar. Breytingarnar eru:

- 11. flokkur karla og kvenna bætist við (yngsta ár framhaldsskóla). Leiknir verða 22 leikir á tímabili.
- 12. flokkur karla og kvenna bætist við (annað og þriðja ár framhaldsskóla). Leiknir verða 22 leikir á tímabili.
- Ungmennaflokkur bætist við (tvö ár eftir 12. flokk). Í þeim flokki má nota þrjá leikmenn 23 ára og yngri sem eru ekki hluti af sjö mínútuhestu leikmönnum meistaraflokks. Leiknir verða 22 leikir á tímabili.
- Leiktími 10. flokks verður 4x10 og leiknir verða 20 leikir á tímabili.
- Leiknir verða 18 leikir á tímabili í 9. flokki.
- Drengja-, stúlkna- og unglingaflokkur karla falla út.
- Skráning í 7. og 8. flokk verður opin yfir tímabilið svo hægt verður að gera breytingar á milli móta.
- Skráning í 3. deild karla klárast 4. september.
- Eindagi reikninga frá KKÍ verður síðasti dagur þess mánaðar sem reikningur er gefinn út.
- Sekt vegna vanrækslu á tölfræðiskráningu verður að dagsekt.
- Sekt vegna vanrækslu á að skila inn úrslitum í deildarkeppni lækkar og verður að dagsekt.

- Mótanefnd fær heimild til að skipta 1. deild kvenna upp í tvær deildir ef fjöldi þátttökuliða fer yfir 12. Sömuleiðis fær mótanefnd heimild til að ákvarða form úrslitakeppni 1. deildar kvenna ef fjöldi A liða er meiri en 8.
- Hægt verður að raða neðri riðlum 7. og 8. flokks í pýramída, sambærilegt því sem gert er í minnibolta.
- Mótanefnd útfærir úrslitakeppni yngri flokka út frá fjölda þátttökuliða.
- 9., 10., 11. og 12. flokkur munu keppa í bikarkeppni KKÍ. Ungmennaflokkur keppir einungis í deildarkeppni.
- Félagaskipti verða opin frá 1. júní til 31. janúar, en lokuð frá 1. febrúar til 31. maí.
- Staðgreiða þarf öll félagaskipti og leikheimildir til KKÍ. Leikmaður getur því ekki fengið leikheimild með nýju félagi fyrr en gjald vegna félagaskipta eða leikheimildar hefur verið greitt og mótttekið af KKÍ. Ekki verður lengur hægt að skipta niður leikheimildargreiðslum.

### 3. Málefni erlendra leikmanna

Umræður um málefni erlendra leikmanna eru orðnar ansi tímafrekar og takmarka tíma fyrir önnur störf.

Stjórn vill reyna allt til að koma til móts við vilja margra félaga og því hafa farið fram þrjár stjórnarfundir í apríl auk fjarfundar með formönnum félaga í Subway deildum og tveggja félaga sem áttu þá enn möguleika á að vinna sér sæti í Subway deildunum á næsta tímabili. Tilgangur fundarins var að heyra enn betur vilja félaganna og skoðanir þeirra á málinu. Sá fjarfundur fór fram á síðasta fimmtudag 21. apríl (sumardaginn fyrsta).

Vinnunefnd stjórnar fór yfir stöðuna að loknum þeim fundi og skilaði tillögu til stjórnar fyrir þennan fund. Meirihluti vinnunefndar lagði til að þriggja ára búsetureglan myndi leggjast af en þeir einstaklingar sem væru komnir með þau réttindi myndu halda þeim. Meirihluti stjórnar var á þeirri skoðun að halda þriggja ára reglunni en samþykkti tillögur vinnunefndarinnar að öðru leyti.

Frá og með næsta keppnistímabili gilda því eftirfarandi reglur:

- Subway deildir karla og kvenna 3+2 reglan: tveir Bosman A leikmenn, einn leikmaður utan ESB og tveir leikmenn með íslenskan ríkisborgararétt á velli á sama tíma (einnig er hægt að hafa þrjá Bosman A leikmenn og tvo með íslenskan ríkisborgararétt).
- Þriggja ára búsetureglan sem er í reglugerð gildir áfram.
- Í bikarkeppni KKÍ gilda sömu reglur og í Subway deildum.
- Reglugerðin tekur gildi fyrir næsta tímabil.

Reglur í 1. deildum og neðri deildum eru óbreyttar.

HSJ boðar næsta stjórnarfund sem stefnt er að fyrir miðjan maí.

Fundi slitið 20:20